

Sþ.

374. Tillaga til þingsályktunar

[126. mál]

um að leyfa ekki útflutning veiðiskipa.

Flm.: Finnur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leyfa ekki útflutning á vélskipunum Gróttu IS 580, Richard IS 549, Huginn I. IS 91 og Huginn II. IS 92, sem nú eru við Nýfundnaland. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að skip þessi komi aftur heim til Íslands, og til að tryggja skipverjum greiðslu á kaupum þeirra frá s. l. sumri.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, sendi Björgvin Bjarnason útgerðarmaður á Ísafirði þau fjögur skip, sem nefnd eru í tillögunni, til fiskveiða við Grænland vorið 1949. Áður en skipin lögðu úr höfn, var gerður samningur um kaup og kjör sjómanna þeirra, er á þau voru ráðnir, og var þar gert ráð fyrir Grænlandsveiðum og siglingu. Mun hafa verið ætlunin, að skipin færu að loknum veiðum til Bretlands með saltfiskfarm.

Þegar veiðum við Grænland lauk, síðla sumars, fengu skipverjar tilkynningu um að sigla skipunum til Nýfundnaland, og var þeim ekki kunnugt um þá fyrirætlan fyrr en eftir að til Grænlands kom. Var skipunum nú siglt þangað. Nokkru síðar sendi útgerðarmaðurinn 53 sjómenn, sem á skipunum höfðu starfað, flugleiðis heim til Íslands án þess að greiða þeim nema lítinn hluta af sumarkaupum þeirra. Fiskaflann hafði hann selt fyrir erlenda mynt og eigi gert skil fyrir andvirðinu til gjaldeyriseftirlits bankanna né heldur skilað þeim neinum gjaldeyri. Skipverjarnir munu enn eiga hjá útgerðarmanninum Björgvin Bjarnasyni um 350 þús. kr. í ógreiddum kaupum, og hefur Alþýðusamband Íslands gert ýmsar ráðstafanir til þess að rétta hlut þeirra, en árangurslaust. Þá mun öll úttekt fyrir kosti og öðrum útbúnaði til útgerðar þessarar fyrir sumarið vera ógreidd hjá ýmsum verzlunum hér í bænum. Um aðrar skuldir, er nema miklu hærrí upphæðum, er eigi ástæða til að fjölyrða.

Í blöðum í Nýfundnalandi er birtur nýársboðskapur forsætisráðherra þar, hr. J. R. Smallwood. Fagnar hann þar mjög komu hinna íslensku skipa til Nýfundnaland, telur hana stóran viðburð í sögu lands síns og segir, að komumenn ætli að kenna Nýfundnalandsmönnum fiskveiðar, einkum síldveiðar með nýtzku veiðarfærum.

Eftir að þetta gerðist, mun útgerðarmaðurinn hafa boðizt til að greiða einhvern hluta af skuldum sínum eða að minnsta kosti mannakaupið, með því skilyrði, að hann fái útflutningsleyfi fyrir hinum fjórum skipum.

Hér er um að ræða flóttu úr landi með fjögur skip, og er mál þetta allt þannig vaxið, að Alþingi getur eigi, að skoðun flm., látið það afskiptalaust. Augljóst er, að missir fjögurra skipa veldur mjög alvarlegu atvinnutjóni og fjárhagslegu tjóni fyrir ekki stærri bæ en Ísafjarðarkaupstað. Brottlutningur skipanna á þann hátt, sem hann hefur verið framkvæmdur, mundi, ef staðfestur væri með útflutningsleyfi, gefa fordæmi, sem haft gæti hinar alvarlegustu afleiðingar, og jafnvel stefna aðalatvinnuvegi vorum, sjávarútveginum, í hreinan voða. Slíkt fordæmi væri hið hættulegasta. Skipaeigendur, sem ekki gætu staðið við skuldbindingar sínar, mundu þá freistast til að sigla skipum sínum úr landi og sem lengst í burtu, svo að eigi svaraði kostnaði að sækja þau. Skipverjarnir yrðu sendir kauplaust heim flugleiðis og síðar kæmu svo tilboð um einhverja greiðslu gegn útflutningsleyfi. Vonir um, að því yrði tekið, byggðust á, að landsmenn teldu betri hálfan skaða en allan, og sagan gæti síðan endurtekizt, þangað til skipin væru öll flutt úr landi.

Að þessu athuguðu telja flm. brýna nauðsyn bera til, að ríkisstjórnin skerist röggSAMLEGA í mál þetta á þann hátt, er í tillögunni greinir.